

Einar Kr. Haraldsson
Brautarlandi 5
108 Reykjavík

12. janúar 2006

FEL05100035

Með tölvupósti, dags. 14. október 2005, mótteknum 17. sama mánaðar, óskaði Einar K. Haraldsson, kt. 260164-5709, eftir að koma á framfæri við félagsmálaráðuneytið athugasemd varðandi „brot á almenningi“ í sambandi við veiðar á eignarlandi Vesturbyggðar.

Málshefjandi gerir athugasemd við ákvörðun bæjarstjórnar Vesturbyggðar sem tekin var á 155. fundi þann 12. október 2005 þar sem fram kemur að öðrum en þeim sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu eru bannaðar veiðar á eignarlandi sveitarfélagsins.

Erindið var sent Vesturbyggð til umsagnar með bréfi, dags. 20. október 2005, og ítrekunarbréf, dags. 9. nóvember 2005. Umsögn Vesturbyggðar, dags. 11. nóvember 2005, barst ráðuneytinu 15. sama mánaðar.

I. Málavextir og sjónarmið málshefjanda og bæjarstjórnar

Málshefjandi bendir á að í grein sem birtist í Tíði, staðarblaði Vesturbyggðar, segi svo:

„Rjúpnaveiðitímabilið hefst núna á laugardaginn 15. október en að sögn lögreglunnar á Patreksfirði má reikna með talsverðum fjölda á svæðið þótt þeir hafi ekki orðið varir við rjúpnaskyttur á þeirra ferðum fram að þessu. Jónas Sigurðsson, aðalvarðstjóri í Lögreglunni á Patreksfirði sagði: „Við munum fylgjast með eins og við höfum alltaf gert þegar rjúpnaveiðitímabil er að byrja. Auðvitað getur komið til þess að það þurfi að leita að þeim ef veður verður svoleiðis en við vonum að menn fari eftir þeim reglum og fyrirmælum sem um þetta gilda, þá þurfa menn ekki að hafa neinar áhyggjur.“

Fram kemur í fundargerð bæjarstjórnar Vesturbyggðar frá því í morgun að bann hefur verið sett við veiði á landi Vesturbyggðar öðrum en einstaklingum sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu. „Það er nokkuð ljóst að í meira og minna allri austursýslunni er bönnuð veiði nema með leyfi landeiganda“, sagði Jónas að lokum við fréttamann Tíðis.“

Málshefjandi tekur fram að það sé bjargföst trú hans að með þessu fyrirkomulagi sé verið „að brjóta lög“. Um sé að ræða lög sem eigi að tryggja jafnrétti í landinu og verði fólki ekki mismunað á þennan hátt. Þau lög sem málshefjandi telur að verið sé að brjóta eru jafnræðisregla stjórnarskrárinnar og jafnræðisregla 11. gr. stjórnarsýslulaga, 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu um bann við mismunun og 2. gr. alþjóðlegs samnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi.

Þá telur málshefjandi að verið sé að brjóta lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, sbr. 8. gr. þeirra laga.

Í umsögn Vesturbyggðar um málið, dags. 11. nóvember 2005, segir meðal annars svo:

„Fyrirspurn ráðuneytisins lýtur ekki hvað síst að þeim þætti ákvörðunar bæjarstjórnar að heimila þeim er lögheimili eiga í sveitarfélaginu skotveiði þar sem öðrum er bannað að veiða og virðist athugasemd Einars lúta að því að hér geti verið um brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga að ræða. Má vissulega færa rök fyrir því að svo geti verið en það er þó að hluta einmitt á grundvelli þessarar sömu reglu sem ákvörðunin er byggð. Bendum við á að eins og málum er háttað í dag geta landeigendur og ábúendur bannað alla skotveiði á jörðum sínum en stundað þar sjálfir veiði að vild. Að mati bæjarstjórnar verður að líta svo á að íbúar sveitarfélagsins, þ.e. allir þeir sem hér eiga lögheimili, séu eigendur eignarjarða Vesturbyggðar og hljóti því sömu viðmið laga og reglna að gilda gagnvart þeim eins og öðrum landeigendum. Að öðru leyti byggist ákvörðun um takmörkun skotveiði á umræddum eignarjörðum á þeirri viðleitni okkar að takmarka umferð af þessu tagi um svæði sem eru í framtíðinni hugsuð sem fólkvangur og fjölskylduvæn útivistarsvæði.“

II. Álit ráðuneytisins.

Ekki kemur fram í erindi málshefjanda hver sé krafa hans, en ráðuneytið skilur erindið svo að óskað sé eftir áliti á því hvort ákvörðun sveitarstjórnar um fyrirkomulag rjúpnaveiði haustið 2005, sem fram kemur í grein í blaðinu Tíði það haust, sé lögmæt. Ráðuneytið tekur fram að þegar af þeirri ástæðu að ákvörðun sveitarstjórnar um rjúpnaveiði er almenns eðlis, en snýr ekki að réttindum einstaklings, er málið ekki úrskurðarhæft skv. 103. gr. sveitarstjórnarlaga. Á hinn bóginn getur ráðuneytið tekið málið til athugunar á grundvelli 102. gr. sveitarstjórnarlaga og veitt álit um lögmæti ákvörðunarinnar.

Ákvörðunin varðar rjúpnaveiði á eignarjörðum Vesturbyggðar og eru þær samkvæmt grein í blaðinu Tíði einungis heimilar íbúum með lögheimili í Vesturbyggð. Þau lög og lagaákvæði sem koma einkum til athugunar varðandi ákvörðun sveitarfélags um að setja reglur um veiðar í eigin landi eru jafnræðisregla 11. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, 2. mgr 7. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, og 8. gr. laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.

Samkvæmt 2. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga skulu sveitarfélög vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma. Að mati ráðuneytisins getur ákvörðun um tiltekið fyrirkomulag veiða á eignarjörðum sveitarfélags fallið undir sameiginleg velferðarmál íbúa sveitarfélags í því samhengi sem fram kemur í umræddri lagagrein. Einnig er ljóst að sveitarstjórn er sá aðili sem lögum samkvæmt tekur ákvarðanir um nýtingu eigna sveitarfélagsins, sbr. 9. gr. sömu laga.

Við ákvörðun um tilhögun veiða verður sveitarstjórn að gæta jafnræðis. Ákveði sveitarstjórn að einungis ákveðnum hópi manna sé heimilt að nýta eignir sveitarfélags, í þessu tilviki til rjúpnaveiða, er nauðsynlegt að slík ákvörðun sé reist á málefnalegum sjónarmiðum. Skilyrði um að veiðimenn skuli eiga lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi verður að mati ráðuneytisins að teljast málefnalegt. Sveitarstjórn er með öðrum orðum heimilt að láta íbúa sveitarfélagsins, umfram aðra, njóta þeirra gagna og gæða sem sveitarfélaginu hefur áskotnast. Sú „mismunun“ sem í slíku fyrirkomulagi felst getur af þeirri ástæðu ekki talist brot á jafnræðisreglu stjórnsýslulaga og telst því lögmæt. Það er því niðurstaða ráðuneytisins að sveitarstjórn Vesturbyggðar hafi ekki brotið lög með því að ákveða að rjúpnaveiðar í landi sveitarfélagsins takmarkist við íbúa sveitarfélagsins.

Ekki er unnt að fallast á það með málshafjanda að 8. gr. laga nr. 64/1994 þar sem kveðið er á um rétt allra íslenskra ríkisborgara með lögheimili í landinu til dýraveiða í almenningum, og öðru landi sem enginn geti sannað eignarrétt sinn til, standi í vegi fyrir því að sveitarstjórn geti tekið, með málefnalegum hætti, ákvörðun um hvernig veiði skuli háttáð á landi í eigu sveitarfélagsins enda ekki um það að ræða að þau landsvæði sem auglýsing Vesturbyggða tekur til falli undir umrætt lagaákvæði.

Með vísun til þess sem að framan er rakið gerir ráðuneytið ekki athugasemd við þá ákvörðun bæjarstjórnar Vesturbyggðar um fyrirkomulag veiða haustið 2005 sem tekin var á fundi bæjarstjórnar Vesturbyggðar þann 12. október 2005.

Fyrir hönd ráðherra
Guðjón Bragason (sign.)
Þorgerður Benediktsdóttir (sign.)